



 <p><i>Fjórðungssamband Vestfirðinga</i></p>	 <p>Stoðkerfi atvinnu og byggðar</p> <hr/> <p>Albertína Fr. Elíasdóttir 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga 2. september 2011 Bolungarvík</p>
<p>Fyrirkomulag</p>  <p>Umræður frá 2009 Fundur Hólmavík í mars 2011 Fundur starfsmanna í júní 2011 Fundur stjórna FV og Atvest 30. ágúst 2011 Settar fram tvær tillögur</p>	<p>Ástæður</p>  <p>Stefna sveitarfélaga Að stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar verði einfaldað og endurskipulagt</p> <p>Stefna ríkisins Í stefnumörkun verkefnisins Ísland 2020 er eitt af megin viðmiðunum einföldun og endurskipulagning á stoðkerfi atvinnu- og byggðapróunar á viðkomandi svæði.</p> <p>Staða Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða Rekstrarvandi m.a. vegna niðurskurðs í fjárlögum og breytinga á rekstrarsamningi um Vaxtarsamning Vestfjarða</p>
<p>Atvest</p>  <p>Tilgangur: Efla atvinnulíf á Vestfjörðum og að styrkja forsendur byggðar með því að bæta jarðveg viðskipta til framtíðar. Helstu verkefni: Félagið býður einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum fjölbreytta þjónustu á sviði viðskiptaráðgjafar og rannsóknar. Tekur þátt í og er leiðandi við mótun atvinnustefnu á Vestfjörðum og hefur frumkvæði að samvinnu við aðila í atvinnulífinu og eflir samstarf milli þeirra. Er með þrjár starfsstöðvar. Eigendur: FV, Byggðastofnun, Atkonur ásamt öðrum minni hluthöfum. Fjármögnun: Sveitarfélögin á Vestfjörðum (gegnum FV), framlag af fjárlögum í gegnum Byggðastofnun, auk verkefnaframlaga.</p>	<p>Vaxvest</p>  <p>Tilgangur: Efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Atvest og auka hagvöxt með samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins. Helstu verkefni: Þróun klasasamstarfs í sjávarútvegi og ferðaþjónustu, auk þess sem veittir eru styrkir til verkefna til eflingar atvinnulífs. Verkefnastjórn: Skipuð af iðnaðarráðherra og hefur það hlutverk að gæta þess að farið sé að markmiðum og leiðum samningsins og hafa eftirlit með framkvæmd hans. Verkefnisstjórn fer yfir tillögur Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða um styrkhæf verkefni. Eigendur: Samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytisins og Atvest. Fjármögnun: Fjárframlög koma frá Iðnaðarráðuneytinu en Atvest leggur til vinnuframlag, auk þess sem fyrirtæki og stofnanir leggja sitt af mörkum til verkefna .</p>

Markaðsstofa Vestfjarða



Tilgangur: Að veita erlendum og innlendum ferðamönnum bestu mögulegar upplýsingar um náttúru, mannlíf og menningu Vestfjarða og hvaða möguleika þeir hafa til að njóta hennar sem ferðamenn.

Helstu verkefni: Ímyndarkynning Vestfjarða, móttaka blaðamanna, bein markaðssetning ferðaheildsala, vörubróun og fræðsla.

Eigendur: Sveitarfélögin á Vestfjörðum, Atvest of Ferðamálasamtök Vestfjarða (FMSV).

Fjármögnun: Sveitarfélögin, FV, FMSV, Ferðamálastofa, Alþingi og Ferðabjónar

Menningarráð Vestfjarða



Tilgangur: Samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál og hefur meðal annars það hlutverk að standa fyrir öflugu þróunarstarfi, úthluta fjármagni til menningarverkefna skv. samningi ríkis og sveitarfélaga.

Helstu verkefni: Úthlutun styrkja, vinna við þróunarverkefni og stefnumótun á sviði menningarmála. Starfsemin byggir á samningi milli ríkis og FV fyrir hönd sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Eigendur: Sjálfstætt ráð stofnað af sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Stjórn þess er kosin á Fjórðungspingi á 2 ára fresti.

Fjármögnun: Menntamálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og sveitarfélögin á Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Tilgangur: Hagmunasamtök sveitarfélaga með að markmiði að efla samvinnu sveitarfélaga og vinna að verkefnum til styrkingar byggðar og atvinnulífs

Helstu verkefni: Efling sveitarstjórnarstigsins, stefnumótun í byggðar- og atvinnumálum, t.d. sóknaráætlun landshluta, gerð samgönguáætlunar og nýtingaráætlun strandsvæða

Eigendur: Sveitarfélögin á Vestfjörðum

Fjármögnun: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sveitarfélögin á Vestfjörðum og verkefnaframlög

Klasasamstarf Tillaga nr. 1



Aukið og nánara samstarf Atvest (Vaxvest), Menningarráðs, Markaðsstofu og Fjórðungssambandsins

Markmið: Auka skilvirkni, upplýsingaflæði og samvinnu. Eitt viðmót, þrjár starfsstöðvar

Framkvæmd: Formlegur samstarfssamningur, skilgreining verksviða, sameiginlegur gagnagrunnur og vegfátt. Þessi atriði verði þróuð áfram af skipuðum starfshópi.

Klasastjóri sem sér m.a. um:

- Eftirfylgni verkefna
- Reglulega klasafundi
- Sameiginlega vegfátt

Sameining stoðkerfis Tillaga nr. 2



Sameining Atvest (Vaxvest), Menningarráðs, Markaðsstofu og Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Markmið: Að skapa stærri, öflugri einingu þar sem möguleiki er á sérhæfingu starfsfólks. Eitt viðmót, þrjár starfsstöðvar.

Framkvæmd: Starfshópur myndaður til að vinna að útfærslu sem lögð verður fyrir aukþing í lok október. Sameiginleg stofnun með einn framkvæmdastjóra.

Stjórnnum fækkað.

Öflug fagrád.

Fundur Fjórðungsmálanefndar, laugardaginn 3. september 2011

Fjórðungsmálanefnd fjallaði um niðurstöðu hópavinnu frá 2. september.

Helstu niðurstöður skipt niður miðað við þær tvær spurningar sem til umræðu voru.

1. Hvernig er hægt að auka skilvirkni í stoðkerfinu?
 2. Hvað vilja sveitarstjórnafulltrúar fá fyrir framlag sveitarfélagsins til:
 - a. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða (Vaxvest)
 - b. Markaðsstofu Vestfjarða
 - c. Fjórðungssambands Vestfirðinga
 - d. Menningarráðs Vestfjarða
1. Helstu niðurstöður voru þær að flestir voru þeirrar skoðunar að til að auka skilvirkni þurfi að einfalda stoðkerfið, fækka þyrfti stjórnnum, skilgreina betur verkswið og nýta þannig tíma og fjármagn betur. Skilgreina þyrfti hlutverk og tilgang hvernar stofnunnar upp á nýtt, óháð því hvort af sameiningu verði. Þá var sameiginleg gátt fyrir stoðkerfið mikið nefnd. Ýmsar leiðir voru ræddar til að auka skilvirkni og voru sameining og klasasamstarf jafn sterk í umræðunni, að því gefnu að framlög myndi ekki skerðast. Standa þyrfti vörð um stöðugildi og aðgerðarfé.
2. Hvað vilja sveitarstjórnafulltrúar fá fyrir framlag sveitarfélagsins til:
- a. Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða: Stuðningur við atvinnulíf í gegnum sprotaverkefni, ráðstefnur, aukinn sýnileika inn á svæðunum með kynningum og heimsóknum. Einnig skal Atvest sinna rannsóknum og stuðningi við atvinnulíf, sjá um atvinnubyggingu á öllu svæðinu, sem og að taka þátt í stærri verkefnum, halda áfram í hefðbundinn viðskiptaráðgjöf og jafnframt skoða stærri Evrópuverkefni.
 - b. Markaðsstofu Vestfjarða: Ímyndarsköpun Vestfjarða í heild, heildarmarkaðssetning Vestfjarða, bæði ferðaþjónustu, annarra atvinnugreina og sem búsetukost. Móta markaðsramma fyrir sveitarfélögin svo að hún verði hluti af heildarstefnu með samræmum markaðsskilaboðum. Frekari markaðssetningu t.d. fyrir sveitarfélög, auka samskipti bæjarstjórna við markaðsstofu í formi kynninga og fyrirlestra.
 - c. Fjórðungssambands Vestfirðinga: Vöktun á áhrifum frumvarpa fyrir sveitarfélög og almennum áhrifum af breytingum ríkis á sveitarfélög, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaga, stuðningi við nýsköpunarstarf í gegnum Atvest. FV skal vera leiðtogi og stefnumótandi samræmingaraðili og skal því auka stjórnskipulegt vægi þess.
 - d. Menningarráð Vestfjarða: Óbreytt ástand, styðja við staðarmenningu og sprota í menningarstarfi. Auka námskeiðahald fyrir menningargeirann t.d. í styrkjaumsóknum.

Nefndin tekur undir tillögu varðandi stofnun starfshóps til úrvinnslu og frekari vinnu vegna stoðkerfis atvinnu og byggðar. Einnig leggur nefndin til að kosið verði milli tillögu nr.1 klasasamstarfs og tillögu nr. 2 sameiningar og ráðist framhaldið af niðurstöðu þeirra kosninga.

Ómar Már Jónsson
Baldur Smári Einarsson
Gústaf Jökull Ólafsson
Eiríkur Kristjánsson
Jenný Jensdóttir
Arnheiður Jónsdóttir
Guðbrandur Sverrisson
Arna Lára Jónsdóttir
Guðfinna Hreiðarsdóttir

=====